

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

59. fundur Stjórnar BS bs. haldinn þriðjudaginn 14. september 2021

kl. 17:15 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

### Dagskrá.

#### Formaður setur fundinn.

#### 1. Staða fjármála

- Jón fór yfir rekstur fyrstu 8 mánuði ársins, tekjur aðeins hærrí en áætlað var og gjöld samkvæmt áætlun.

#### 2. Fjölgun vakta

- Jón fór yfir fyrirkomulag vakta í rekstri BS bs. eftir styttingu vinnuvikunnar sem tekur gildi 1. maí 2022. Gert er fyrir að þurfa að fjölga um 8 stöðugildi á árinu 2022.

#### 3. Fjárhagsáætlun 2022

- Fyrstu drög lögð fram til umræðu. Helstu breytingar eru vegna styttingar vinnuvikunnar. Áætlaður kostnaður vegna þessa verður rúmlega hundrað milljónir.

#### 4. Endurnýjun á tækjum

- Stjórn BS hefur á undanförunum árum sett sér þá stefnu að endurnýja tækjakost félagsins. Nú hefur BS boðist til kaups nýleg dælubifreið sem hentar fullkomlega fyrir starfsemina. Kaupverð er 125.000 evrur og því heimilar stjórnin slökkviliðsstjóra að staðfesta kaup á bifreiðinni og um leið að selja 20 ára gamla dælubifreið í eigu BS bs.

#### 5. Skýrsla slökkviliðsstjóra

##### **Fjölgun útkalla á árinu:**

Það sem af er ári hefur orðið 42,5% fjölgun útkalla í sjúkraflutningum.

Það eru engin fyrri dæmi til um slíka fjölgun útkalla milli ára.

Í sumar vorum við með fjóra starfsmenn til þess að sinna sumarafleysingum, í ljósi þess að gríðarlegt álag hefur verið á stafsmenn það sem af er ári og ekki annað séð en að það muni halda áfram, er nauðsyn á að halda afleysingarstarfsmönnum a.m.k. næstu tvo mánuði.

## **Sjúkraflutningsvaktir á Fagradalsfjalli:**

Gerður var samningur við SÍ um að BS muni sjá um að manna sjúkraflutningsvakt á Fagradalsfjalli. Samningurinn er til þriggja mánaða og rennur út í lok september. Viðræður er við SÍ um framlengingu á samningnum til loka ársins, gerð hefur verið greinagerð og samantekt á verkefnum sem send hefur verið á SÍ. Niðurstaða samninga um framhald verkefnisins mun ráðast á næstu vikum og höfum við lagt áherslu á að niðurstaða verði komin seinnipart þessa mánaðar.

## **Viðræður við Sjúkratryggingar Íslands:**

Við höfum átt byrjunarviðræður við SÍ um framlengingu á samningi um sjúkraflutninga næsta árs. Ljóst er að stytting vinnuviku og fjölgun vakta, ásamt mikilli fjölgun verkefna mun kalla á verulega aukin fjárframlög frá SÍ. Ekki liggur fyrir hver niðurstaða viðræðna verður en það er alveg ljóst að við þurfum að sækja aukið fjármagn til þeirra.

### 6. Önnur mál.

- Engin önnur mál.